



STEFNA HSS

2020 - 2023



VEGFERÐIN – ÞVERFAGLEG STEFNUMÓTUN

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skulu ríkisstofnanir móta stefnu á hverju ári.

Í upphafi stefnumótunarferlis HSS í ár var lagt upp með að fá sem flestar raddir inn í vinnuna og að stefnan skildi byggð á *Heilbrigðisstefnu til 2030*.

Fyrsti greiningarfundurinn var haldinn í febrúar, og eftir það var gerð könnun meðal starfsfólks.

Skipaður var vinnuhópur með fulltrúum úr öllum starfsdeildum og faghópum.

Fyrsti vinnufundurinn var haldinn á Hótel Keflavík 28. maí. Þar var mikill einhugur í fólki og samstaða um leiðina fram á við.

Annar vinnufundur var haldinn 28. ágúst þar sem lögð voru fram lokadrög að þessu skjali.



FRAMTÍÐARSÝN 2023



HSS

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Framtíðarsýn HSS byggir á áherslum heilbrigðisstefnu

Samfelld fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónusta sem er aðgengileg öllum íbúum Suðurnesja þar sem hennar er þörf á hverjum tíma

Þjónusta – unnið að forvörnum og heilsueflingu á öllum sviðum með áherslu á þverfagleg teymi

Mönnun – vel mönnuð af hæfu starfsfólki

Húsnæði og aðbúnaður – í samræmi við nútímaþarfir

Tækni – öflug fjarheilbrigðisþjónusta

Mannauður – fræðsla og heilsuefling í forgrunni

Ímynd – eftirsóttur vinnustaður og jákvæð ímynd

HLUTVERK HSS

Hlutverk Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja er að veita íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu og Heilbrigðisstefnu til ársins 2030



HVAÐ ÞARF HSS TIL AÐ UPPFYLLA HLUTVERK SITT?

Áframhaldandi stuðning frá heilbrigðisráðuneytinu, sveitarstjórnnum og Alþingi til að tryggja fjármagn fyrir:

Húsnæði:

- Breytingar á núverandi húsnæði
- Nýjar starfsstöðvar

Mönnun:

- Fleira fagfólk í framlínu
- Kennslustjóra og nema
- Markvissa fræðslu til starfsmanna
- Gæðastarf
- Upplýsingamiðlun

Tækjakost:

- Svara uppsafnaðri þörf fyrir tækjabúnað sem mætir kröfum nútíma heilbrigðisþjónustu



HSS

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja



ÁHERSLUR HSS TIL NÆSTU 3JA ÁRA



Þjónusta – unnið að forvörnum og heilsuefningu á öllum sviðum með áherslu á þverfagleg teymi

Markmið	Aðgerðir
Bæta utanumhald með skjólstæðingum heilsugæslu og dreifa álagi	Koma á þverfaglegum teyllum í heilsugæslumóttöku. Koma á heilsugæslumóttöku í Suðurnesjabæ og Innri-Njarðvík
Styrkja og bæta geðheilbrigðisþjónustu	Fjölga starfsfólki og efla þverfaglegt starf. Stytta biðtíma fyrir fullorðna og börn
Auka samfellu á milli heimahjúkrunar og félagsþjónustu	Nánara samstarf við öll sveitarfélög á Suðurnesjum
Efla dagdeildarþjónustu sjúkradeilda	Fjölga dögum í dagdeildarþjónustu
Draga úr álagi á bráðamóttöku með forgangsröðun	Þjálfa starfsfólk til að forgangsraða og flokka erindi
Aukið öryggi í sjúkraflutningum	Samþætta sjúkraflutninga á Suðurnesjum undir BS
Efla gæðamál	Innleiða gæðakerfi og ráða verkefnisstjóra gæðamála

Mönnun – vel mönnuð af hæfu starfsfólki

Markmið	Aðgerðir
Fjölga sérfræðilæknum á heilsugæslu og sjúkradeild	Bæta mönnun sérfræðilækna
Fjölga hjúkrunarfræðingum á heilsugæslu	Bæta mönnun Hjúkrunarfræðinga
Fjölga sérfræðingum í ýmsum undirgreinum lyflækninga á sjúkradeild	Bæta mönnun í ýmsum undirgreinum lyflækninga á sjúkradeild
Bæta mönnun á ljósmæðravakt	Innleiða bakvaktir ljósmæðra
Fjölga fagstéttum í sálfélagslegri þjónustu	Bæta mönnun sálfræðinga og ráða starfsfólk úr fleiri fagstéttum, t.d. félagsráðgjafa og geðlækna

Húsnæði og aðbúnaður – í samræmi við þarfir

Markmið	Aðgerðir
Byggja upp húsnæði sem svarar þjónustupörfum nærsamfélagsins	Ljúka endurbótum á núverandi húsnæði í Reykjanesbæ og móta framtíðarstefnu um rekstur Víðihlíðar
Að færa þjónustuna nær skjólstæðingum	Opna heilsugæslu í Njarðvík og heilsugæslusel í Suðurnesjabæ
Tryggja tækjabúnað sem mætir kröfum nútíma heilbrigðisþjónustu	Endurnýjun tækjabúnaðar, t.d. til myndgreininga

Tækni – öflug fjarheilbrigðisþjónusta

Markmið	Aðgerðir
Bætt notendaviðmót	Heimasíða með nýjum samskiptamöguleikum og nýtt símkerfi. Styðja við innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu
Aukin notkun á Heilsuveru hjá skjólstæðingum og starfsfólki	Átak og eftirfylgni með notkun Heilsuveru og hvatning til almennings um að nýta sér möguleikana

Mannauður – fræðsla og heilsuefning í forgrunni

Markmið	Aðgerðir
Draga úr álagi og auka samvinnu milli deilda	Innleiða nýtt skipurit með áherslu á aukinna samvinnu deilda. Nýta möguleika mannauðskerfisins betur
Aukin áhersla á endurmenntun starfsmanna	Formgera fræðslumál fyrir starfsfólk. Skilgreina hlutverk kennslustjóra
Aukin heilsuefning starfsfólks	Formgera heilsuefningarmöguleika starfsfólks
Fjölga sérnámslæknum og sérnámshjúkrunarfræðingum	Laða að fleiri sérnámslækna og sérnámshjúkrunarfræðinga
Fjölga nemum í læknisfræði og hjúkrunarfræði	Laða að fleiri nema

Ímynd – eftirsóttur vinnustaður og jákvæð ímynd í nærsamfélagi

Markmið	Aðgerðir
Stofnun ársins: Meiri heildaránægja og bætt ímynd vinnustaðarins	Bætt starfsaðstaða, aukin teymisvinna og styrking stoðþjónustu
Auka jákvæðni hjá íbúum Suðurnesja í garð HSS	Upplýsa og fræða íbúa Suðurnesja um starfsemi HSS. Opið hús á HSS í tengslum við heilsueflandi samfélag. Útbúa kynningarmyndbönd. Kynna niðurstöður stefnumótunar HSS fyrir bæjarstjórnnum svæðisins